

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. desember 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-66/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 20. september 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um viðgerðarþjónustu sem keypt var af verkstæðinu Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur seljanda hafa valdið skemmdum á bifreiðinni og krefst þess að seljandi greiði fyrir skemmd á bifreiðinni.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 25. september 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 6. nóvember 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi keypti viðgerðarþjónustu af seljanda vegna viðgerðar á púströri bifreiðar í hans eigu þann 21. október 2016. Bifreiðin er af gerðinni Honda Stream og fastanúmer hennar er XX-000. Að sögn álitsbeiðanda var gult ljós logandi í mælaborði (check engine) þegar hann tók aftur við bifreiðinni sem hann segir ekki hafa verið til staðar áður en seljandi gerði við púströrið. Álitsbeiðandi kveðst hafa látið bifvélavirkjann vita af því að ljósið logaði en bifvélavirkinn hafi sagt að ljósið væri ekki tengt störfum sínum heldur hafi hann aðeins skipt um púströrið.

Þann 24. október fór álitsbeiðandi með bifreiðina í skoðun á annað verkstæði en sú skoðun kostaði 8.029 krónur. Þar segir álitsbeiðandi að hann hafi fengið þær upplýsingar að skynjari væri bilaður og hann hafi skemmt þegar bifvélavirkinn gerði við púströrið.

Að sögn álitsbeiðanda fór hann aftur til seljanda og segir að seljandi hafi viðurkennt að hann hafi gert mistök og hann myndi panta nýjan skynjara og gera við bifreiðina. Síðan leið nokkur tími án þess að álitsbeiðandi heyrði frá seljanda og bað álitsbeiðandi því um endurgreiðslu fyrir þjónustuna en segir seljanda hafa boðið sér 15.000 krónur fyrir skynjarann. Álitsbeiðandi hafnaði því þar sem hann segir skynjarann kosta 50.000 krónur og krafðist einnig endurgreiðslu fyrir skoðun á öðru verkstæði fyrir 8.029 krónur þar sem bilun í skynjara kom í ljós. Í kjölfarið hafnaði seljandi að taka þátt í kostnaði vegna viðgerðarinnar að sögn álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kæruneftndinni að seljandi greiði sér samtals 58.029 krónur.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi þjónustu af seljanda þann 24. október 2016 sem fól í sér viðgerð á púströri bifreiðarinnar XX-000. Telur álitsbeiðandi að seljandi hafi valdið skemmdum á skynjara í bifreiðinni við framkvæmd þjónustunnar og krefst greiðslu að fjárhæð 58.029 krónur úr hendi seljanda.

Kærunefndin álitur að ákvæði 25. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) eigi við í málinu en það mælir fyrir um skaðabótaskyldu seljanda ef tjón verður á eignum neytanda við vinnu eða í tengslum við þjónustu. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Verði tjón á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í tengslum við það eða hlutur sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu glatast eða skemmist ber seljanda að bæta það tjón nema hann sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu.“

Fyrir liggur að skynjari í bifreiðinni er bilaður en ekki er ljóst hver ber ábyrgð á þeirri bilun. Í yfirlýsingu frá öðru verkstæði um orsök bilunarinnar, sem álitsbeiðandi vísar til í álitsbeiðni, kemur fram að greinilegt sé að vírar hafi verið sagaðir í sundur og að bifreiðin hafi nýlega verið búin í viðgerð á púströri bifreiðarinnar. Hins vegar kemur ekki fram að viðgerð á púströri bifreiðarinnar hafi valdið því að skynjarinn sé bilaður. Að sögn álitsbeiðanda var ekkert vélarljós logandi áður en bifreiðin fór í viðgerð en logaði svo eftir viðgerð seljanda.

Til þess að geta krafist skaðabóta vegna eignatjóns af völdum seljanda þarf álitsbeiðandi að sýna fram á að seljandi hafi valdið tjóninu og rökstyðja þá fullyrðingu, t.a.m. með gögnum. Þau gögn sem álitsbeiðandi hefur lagt fram í málinu sýna ekki fram á beina tengingu á milli viðgerðar seljanda og bilunar í skynjaranum eða hvernig sú bilun hafi getað komið til við viðgerð á púströri bifreiðarinnar. Það sem tengir þetta tvennt saman er stuttur tími frá viðgerð á púströri þar til skynjarinn bilaði en ekki er unnt að fullyrða um orsök bilunarinnar af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina. Kærunefndin hefur því ekki aðra kosti en að hafna kröfu álitsbeiðanda um bætur vegna eignatjóns.

VII Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson